

Tillaga Garðabæjarlistans um viðtækara samráð og samvinnu.
Flutningsmaður: Sara Dögg Svanhildardóttir

Garðabæjarlistinn leggur fram tillögu um aukið samráð og samvinnu meiri- og minnihluta í allri vinnu við fjárhagsáætlun bæjarins. Þannig að fulltrúar minnihlutans í bæjarstjórn sitji alla vinnufundi allt frá upphafi ferlisins til loka þar með talið fundi með sviðsstjórum.

Greinargerð

Víðtækt samráð og samvinna eru þættir sem kallað er eftir í samfélaginu öllu.

Að unnið sé að því markvisst að fá fram ólík sjónarhorn og áherslur í vinnu sem við kemur öllum íbúum telur Garðabæjarlistinn afar góða skýrskotun í slíkt ákall. En ekki síður að slík vinnubrögð séu afar farsæl leið til að skapa víðtækan samhljóm frá áætlunargerð kjörinna fulltrúa til stjórnsýslunnar þ.e. til þeirra sem leiða pólitískar áherslur til framkvæmda. Með því að hafa alla kjörna fulltrúa við borðið frá upphafi við vinnu eins og fjárhagsáætlunargerð sem snertir okkur öll þegar til framkvæmda kemur er frábært tækifæri til ennþá lýðræðislegri vinnubragða sem um leið ýtir enn frekar undir víðtæka sátt um þær áherslur sem liggja fyrir. Við erum öll kosin til þess að leiða Garðabæ áfram veginn. Slíkt skiptir máli þegar ráðstafa á fjármunum úr sameiginlegum sjóðum. Því hvetur Garðabæjarlistinn til þessarar nýbreytni í vinnulagi bæjarstjórnar í Garðabæ. Nútímalegri vinnubrögð þar sem ýtt er undir enn frekari sátt og forsendur til öflugs starfs í þágu allra íbúa í alvöru samvinnu allra kjörinna fulltrúa í bæjarstjórn.